



## Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2007, lesin á aðalfundi félagsins þann 14. apríl 2008

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 55. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði. Starfsvettvangurinn var sem fyrr Hellisskógur við Ölfusá. Vöxtur og viðgangur trjáa var með miklum ágætum enda sumarið mjög gott. Margar trjategundir voru að bæta á sig toppvexti langt yfir meðaltali. Sem dæmi má nefna að toppar uppá 70 - 80 cm eru ekki óalgengir á sitkagreni víða á svæðinu, en lengstu topparnir voru ca.100 cm.

Sendir voru út greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2007 og greiddu 120 félagsgjöldin. Samkvæmt félagaskrá eru nú 142 skráðir meðlimir í félaginu. Dreift var svokölluðu "Hópkorti Olís" til þeirra er greiddu árgjaldið 2007.

Eitt af markmiðum félagsins er að efla áhuga almennings á gróðursetningu, trjám, umhirðu og útivist í skóglendi félagsins. Eins að almenningur fái að upplifa og njóta skógar í sínu næsta umhverfi. Þetta hefur m.a. verið gert í gegnum leikskóla, grunnskólana og vinnuskóla sveitarfélagsins. Í vor mættu börn úr Vallaskóla eins og undanfarin ár í sína árvissu gróðursetningarferð í Hellisskóg. Gróðursettu þau 500 tré á sama svæði og áður, sem er vestarlega á starfssvæðinu. Leikskólabörn komu í desember til að fá "lánað" jólatré úr skóginum. Birtist þar jólasveinn sem aðstoðaði börnin við verkið. Næsta vor koma börnin aftur og planta trjám fyrir þau sem þau fengu lánuð úr skóginum.

Mikil umferð gangandi fólks er um skóginn. Aukin umferð fólks með hunda í Hellisskógi er visst áhyggjuefni, þar sem margir hundaeigendur sjá ekki sóma sinn í að hirða upp skítinn eftir hunda sína. Enn er beðið eftir að sveitarfélagið bjóði hundaeigendum svæði til að sleppa hundunum sínum.

Eins og undangenginn ár voru haldinn tvö vinnukvöld á vegum félagsins. Fyrra kvöldið, mánudaginn 18. júní var gróðursett í svæði neðan skurðar, austan Hellisbrúar neðan við Biskupstungnabraut. Haldið var áfram þar sem frá var horfið síðastliðið sumar að bæta inn fyrir þær plöntur er höfðu drepist um veturinn 2006 – 2007. Seinna kvöldið, þriðjudaginn 19. júní var plantað inn í gamla gróðursetningu í reit vestan vegar þar sem göngustígur frá neðsta bílaplani kemur í gegnum skóginn að vegi upp að hellinum vestan við Grímskletta. Einnig var borinn áburður á eldri birkigróðursetningu austan vegar upp undir háspennumastri áður en komið er að hellinum. Að gróðursetningu lokinni var borið blákorn á allar nýgróðursettar plöntur. Plantað var 1000 plöntum af birki Bolholt 1/0 fp40, og sitkagreni Taraldsöy 1/0 fp40 (af frosti) þessi tvö vinnukvöld. Samtals voru því gróðursettar 2500 plöntur þetta árið og borinn á 120 kg af áburði í Hellisskógi.

Bekkirnir sem settir voru upp á síðasta starfsári hafa verið mikið notaðir og almenn ánægja með bekkina. Skoða þarf hvort fjölga þurfi þeim, eða hvort setja eigi einnig upp annarskonar sæti við göngustígana.

Sveitarfélagið Árborg bauð Skógræktarfélaginu ásamt öðrum félagasamtökum sem hafa starfsemi við Ölfusá að kynna sig og starfssemi sína í kynningarbás sem sveitarfélagið var með á sýningunni Árborg 2007. Sýningin var haldin í íþróttarhúsinu við Vallaskóla dagana 8. – 10. júní. Hin félögin voru Fuglaverndarfélag Íslands, Gólfklúbbur Selfoss og Stangveiðifélag Selfoss. Félögin kostuðu og gáfu saman út kynningarbæklinginn “Bardúsað á bökkum Ölfusár” sem er tveggja síðna A-5 bæklingur í lit. Skiptust fulltrúar fyrrgreindra félagasamtakana á að vera í básnum og kynna starfssemi sína og dreifa bæklingnum til sýningar gesta. Einnig var í gangi getraun fyrir sýningargesti í básnum. Allir sem að básnum stóðu lögðu til verðlaun, okkar framlag var 2,5 m. birkitré sem var stungið upp í Hellisskógi og fyrst notað sem skraut í básnum meðan á sýningin stóð og síðar sem verðlaun. Félagið setti upp ókantskorna veggklæðningu úr Íslensku sitkagreni sem að hafði verið flett í sagverki á Snæfoksstöðum. Búið var til upplýsingaskilti á límdúk með yfirlitsmynd og texta af starfsemi félagsins sem sett var upp í básnum. Í tengslum við sýninguna voru skipulagðar tvær göngur um Hellisskóg undir leiðsögn Hermans Ólafssonar og Arnar Óskarssonar.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar hefluðu og lagfærðu akveginn inn í skóginn. Borinn var mól í kafla af veginum þar sem vegurinn var hvað verst farinn. Einnig var lögð olíumól á veginn frá Ártúni og inn fyrir hliðið í Hellisskóg, sem er til mikilla bóta. Haldið var áfram að fella þau skjólbelti sem eru orðin léleg og sum hver farinn að falla. Nokkur önnur skjólbelti voru grisjuð og snyrt þannig að önnur skógartré sem verða eldri en hefðbundnar skjólbelta plöntur fengju nægilegt rími til að vaxa óhindrað. Farið var yfir talsvert af eldri gróðursetningum af birki, greni, furu og víði og það grisjað eftir þörf með keðjusög.

Í byrjun maí var farið á fund bæjarstjóra og bæjarritara í framhaldi af bréfi sem félagið sendi bæjarráði í apríl. Farið var yfir DRÖG að nýjum samstarfssamning og hvernig félagið vill tryggja aðkomu sína og mögulegar bætur komi til skerðingar á trjám á starfssvæðinu í Hellisskógi. Tekið var vel í erindi félagsins. Í mars mánuði var aftur farið á fund með bæjaryfirvöldum til að ýta við bæjaryfirvöldum og óskað eftir niðurstöðu fyrir apríl. Nú nýlega barst bréf um að verið væri að samræma samninga við flest félagasamtök í bæjarfélaginu en að ekki tækist að halda áfram með samning við skógræktarfélagið fyrr en haustið 2008.

Í haust voru 2 – 4 metra há sitkagreni tré sem standa undir háspennulínunni við bakka Ölfusár merkt. Ætlunin er að sveitarfélagið stingi trén upp vorið 2008 og flytji á opinn svæði í sveitarfélaginu. Síðar verður plantað inn lágvaxnari tegundum sem ekki vaxa uppí raflínurnar.

Á komandi árum verða eins og undanfarinn ár vegagerð, stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar.

Núverandi stjórn þakkar félögum, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi samstarfið á liðnu ári, og sýnir hug sinn til félagsins með því að bjóða öll fram krafta sína til stjórnunarverka á komandi skógræktarári.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,  
Björgvin Örn Eggertsson, formaður

*Aðrir í stjórn eru: Snorri Sigurfinnsson ritari, Örn Óskarsson gjaldkeri, Hermann Ólafsson og Ólafur H. Guðmundsson varamenn.*